



Reykjavík, 10. febrúar 2026
USK25090388

Holtavegur 11 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. október 2025 þar sem sótt er um breytingu rimla auglýsingaskilti í stafrænt auglýsingaskilti, á borgarlandi á lóð nr.11 við Holtaveg



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin við Holtaveg 11 borgarhluta 4. Laugardalur og er verslunar- og þjónustusvæði VP33 – Holtavegur-Kleppsvegur-Hólmasund.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Þróttarsvæðis við Holtaveg, samþykkt í borgarráði 27. október 1998 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingarleyfisumsókn þar sem sótt er um breytingu rimla auglýsingaskilti í stafrænt auglýsingaskilti, á borgarlandi á lóð nr.11 við Holtaveg.

Um er að ræða flettiskilti sem hefur þrjár hliðar sem stendur á borgarlandi á horni Holtavegs og Sæbrautar. Skv. aðaluppdráttum sem samþykktir voru hjá fundi byggingarnefndar þann 15. ágúst 1991, samanstandur mannvirkið af 3 auglýsingaflötum sem festir eru við 8.26 metra hátt mastur. Hver auglýsingaflötur 4.26 metrar á hæð og 6.4 metrar á breidd, þ.e. 27.3 m².

Í kafla 4.3.7 í samþykkt um skilti í Reykjavík segir m.a. um stafræn skilti á miðsvæðum og þjónustukjörnum:



Stafræn skilti með ljósmyndum, kyrrum auglýsingum sem skiptast á (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) eru heimiluð, en skulu fylgja almennum ákvæðum um birtustig og hreyfingu. Hámarksstærð 0.5m².

Í samþykkt um skilti í Reykjavík er stærð skilta skilgreind á eftirfarandi hátt í kafla 1.4.

Skilgreiningar um skilti:

Heildarumfang auglýsinga, þ.e heildarbreidd, heildarstærð o.s.frv. Með festingum.

Heildarflatarmál flettiskiltisins er því 81.8 m².

Í kafla 3.6. *stafræn auglýsingaskilti m. hreyfimyndum* í samþykkt um skilti í Reykjavík segir m.a.:

Leyfilegt er að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti s.s. fléttiskilti, eða ef deiliskipulag heimili slík skilti. Slík skilti mega þó ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísun og öðrum umferðarbúnaði en 20m. Byggingarfulltrúa er heimilað að veita undanþágu frá þeirri reglu ef um er að ræða skóla, íþróttafélög eða aðrar sambærilegar stofnanir en þau skilti skulu fylgja reglum þessarar samþykktar.

Deiliskipulag Próttarsvæðis, samþykkt í borgarráði 27. október 1998 ásamt síðari breytingum, gerir ekki grein fyrir auglýsingaskilti á borgarlandi við gatnamót Holtavegar og Sæbrautar og því skal farið eftir ákvæðum í aðalskipulagi og samþykkt um skilti í Reykjavík.

Þar sem umrætt skilti er í eigu íþróttafélagsins Þróttar hefur skipulagsfulltrúi heimild til þess að veita undanþágu frá ákvæðum er varða fjarlægð frá gatnamótum. Þó skal skiltið fylgja öllum öðrum ákvæðum samþykktar um skilti í Reykjavík. Ekki er því gerð skipulagsleg athugasemd vegna erindisins þar sem um er að ræða íþróttafélag.

Umrætt skilti var samþykkt þegar því var komið fyrir og því ekki um nýtt mannvirki að ræða.

Bent er á að ljómi skilta má ekki vera hærri en 7000 nits þegar bjart er úti og þarf því að lækka ljósmagn skiltisins en á aðaluppdráttum dags. 31. október 2024 er gert ráð fyrir 9000 nits.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að breyta flettiskilti í stafrænt skilti.
- Lækka þarf ljósmagn skiltisins til samræmis við samþykkt um skilti í Reykjavík.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík